



Fundargerð

Mánudaginn 28. janúar 2019 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Dagný Úlfarsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir og Rannveig Lena Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Tímabundin ráðning félagsmálastjóra í afleysingar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri, muni fara í fæðingarorlof frá og með 1. apríl nk. og hafi óskað eftir því að taka 12 mánaða fæðingarorlof. Því þurfi að ráða tímabundið í afleysingu fyrir hana. Framkvæmdastjóri greindi frá því að í samráði við formann nefndarinnar hafi hann rætt við Ásdísi Ýr Arnardóttur sem sótti um starf félagsmálastjóra þegar starfið var auglýst 2016. Í því samtali hafi komið fram að Ásdís sé áhugasöm um starfið og framkvæmdastjóri óski eftir umboði stjórnar til að gera ráðningasamning við hana til eins árs. Stjórnin ræddi málið og þar kom meðal annars fram að heimilt er að ráða tímabundið í starf til eins árs án undangenginnar auglýsingar. Stjórnin samþykkti að veita framkvæmdastjóra umboð til þess að gera ráðningasamning við Ásdísi.

2. Önnur mál

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti áfallinn kostnað vegna framkvæmda við íbúðir byggðasamlagsins á árinu 2018. Áfallinn kostnaður vegna framkvæmda á íbúð 1.3 að Hnitbjörgum var 8,1 milljón um áramót, en framkvæmdum á þeirri íbúð er ekki lokið. Kostnaður við gluggaskipti að Ægisgrund 2-8 er bókfærður 3,7 milljónir og kostnaður vegna breytinga á íbúð að Ægisgrund 2 er 5,8 milljónir. Stjórn ræddi framkvæmdirnar og kostnað við þær. Framkvæmdastjóri fór yfir næstu skref og greindi frá því að Ágúst Hafsteinsson arkitekt hjá Form muni leggja fram endurnýjaða hönnun og kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við næstu íbúð að Hnitbjörgum. Atli Gunnar Arnórsson hjá Stoð verkfræðistofu muni á sama hátt leggja fram endurnýjaða hönnun og kostnaðaráætlun vegna Ægisgrundar 4. Málið var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 17.00

Jón Gíslason,

Péturína L. Jakobsdóttir

Dagný Úlfarsdóttir,

Rannveig Lena Gísladóttir

Alexandra Jóhannesdóttir